

# Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Prinsinn úr  
fljótinu



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: M. Maillot; Lazarus

Aðlagð af: M. Maillot; Sarah S; Alastair  
Paterson

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson  
Framleiðandi: Bible for Children  
[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

©2021 Bible for Children, Inc.  
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta  
þessa sögu, en ekki selja.



Jósef  
forsætisráðherra  
var dáinn!



Öll egypska þjóðin  
vottaði fjölskyldu  
hans samúð.



Guð hafði notað  
hinn hebreska  
Jósef til að verja  
landið fyrir  
hungursneyð.




Jósef var  
skynsamur og  
elskaður leiðtogi.


En nú var  
hann  
látinn.



Svo liðu meira en 300 löng ár.  
Hebreatar, fólk Jósefs, voru nú orðnir  
öflugir í Egyptalandi.




Hinn nýji faraó var smeykur um að  
Hebreamir mundu snúast gegn ...





... honum, svo hann gerði þá alla að  
þrælum.



Faraó var óvæginn við Hebreana.  
Hann, meira að segja, þvingaði  
þá til að byggja heilar  
borgir.



En þrátt fyrir harðneskju  
faraós fjölgaði hebresku  
þrælunum enn meir.



Dag nokkurn barst hræðileg fyrirskipun frá faraó. "Öllum nýfæddum hebreskum drengjum skal kastað í Nílarfljót."



Þessi vondi faraó sem staðráðinn var  
í að fækka hebreunum mundi  
ekki hika við að myrða börn!




Hvað gat nú fólk þið gert til  
að bregðast við? Ein fjölskyldan  
tók þá ákvörðun að setja barn sitt, í  
notalegri vatnspéttri kórflu, á flot í  
Nílarfljót.



Hvað mundi nú verða  
um litla barnið, ...



... fljótandi á milli reyrstönglana,  
í litlum körfubát?





Úr fjarlægð, systir litla barnsins  
horfði nú á þessa ...



... dýrmætu littlu kórflu hnykkjast á milli reyrstönglana.



Svo allt í einu kom dóttir  
faraós, ásamt þjónustuliði  
sínu, til að baða sig í ánni.



Ekki var kostur á  
að fela kórfuna en  
kannski mundu þau ...



... ganga framhjá án þess að sjá hana.



“Nú þarna er  
karfa inn á milli  
reyrstönglana.  
Hvað skyldi  
vera í henni.”



Dóttir faraós skipaði þjóni sínum að sækja kórfunna. Þegar hún opnaði kórfunna byrjaði barnið að gráta. "Hebreskt barn!" hrópaði prinsessan.



“Litla krúttið. Þú ert yndislegur.”  
sagði dóttir faraós við barnið.





Hún hefur líklegast talað og hjalað á  
egyptsku barnamáli við litla  
hebreska kútinn.




Systirin hlýtur að hafa fengið sérlegt innsæi frá Guði, því að hún hljóp til dóttur faraós og sagði, "Viltu að ég finni fyrir þig hebreska konu til að passa barnið?"



"Já endilega," svaraði hún. Hverja heldur þú að hún hafi haft í huga?



“Mamma! Komdu fljótt! Flýttu þér!”  
Kannski hún hafi ekki haft tíma til  
að útskýra  
málið.



Síðan hlupu þær saman til baka niður stíginn.



Svo komu þær niður að fljótinu þar  
sem dóttir faraós hélt á barninu.



“Hugsaðu um hann fyrir mig.” sagði hún. “Ég mun borga þér fyrir. Kallaðu hann Móse.”



Verið gæti að Móse þýddi sonur vatnsins á Egypsku.





Svo þegar Móse kom  
aftur heim til foreldra  
sinna og  
fjölskyldu  
kenndu þau  
honum að  
elska Guð  
og fólkið  
sitt.



Og skömmu síðar  
mundi hann búa  
í höllinni  
ásamt  
dóttur  
faraós.



Guð, sem bjargaði lífi hans, hafði miklar fyrirætlanir um framtíð litla Móse.



Prinsinn úr fljótinu

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Annarri Mósebók 2

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,  
sem skapaði okkur, og sem vill að þú  
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem  
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er  
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann  
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á  
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.  
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim  
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður  
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá  
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til  
að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá  
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem  
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir  
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig  
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér  
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og  
komið svo til að vera með þér í himnaríki.  
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir  
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á  
hverjum degi!

